2. Aðvörun kattarins.
1 blað qto.
Reykjavík, 22.ágúst 1945.

# Aðvörun kattarins

Hjónin, Sigurjón Ólafsson myndhöggvari og kona hans, Tove vinna bæði „út í bæ“ að listasmíði sinni; þau eiga telpu, Gunnu litlu, sem fyrir aldurs-sakir eða réttara sagt, bernsku sinnar getur eigi fylgt þeim á vinnustofu for-eldra sinna. En í næsta húsi við heimili þeirra, er strákur nokkur all-einkennilegur. Og jafnvel undarlega gefinn og verður hann til þess við og við að vera hjá Gunnu litlu, leika við hana og hafa ofan af fyrir henni.

Köttur einn, óvenjulega vitrt dýr, er á heimili þeirra listamannshjónanna, Sigurjóns og Tove og taka þau eftir því af tilviljun, að kötturinn lætur mjög ó-friðlega að stráknum, hvenær sem hann sér hann: Leggst út í horn stofunnar, hvæsir þar og urrar að honum og býst til að ráðast á hann. Hjónin fást ekki um þetta í fyrstu en skilja þó eigi í þessu háttalagi kattarins, sem venjulegur er við alla aðra, nuddar sig upp við þá og lætur þá strjúka sér.

Þegar hjónin fara að yfirheyra Gunnu litlu kemur í ljós, að stráknum er eitthvað óeðlilega nærgöngult henni, og fara nú hjónin að gefa þessu nákvæmar gætur: Athuga atferli kisu, einkum þá er hún sér strákinn. Þau hætta því að láta þá hafa samfundi barnanna við annað, kisu og strákinn.

Síðar kemur í ljós, að strákurinn verður uppvís að því, að hafa ólyfti-leg mök við stúlkubörn, og er honum hegnt fyrir það í kynferðismáli, sem hafið er gegn honum og hann fær dóm fyrir. —

Eitthvað hefir kisi orðið var við, sem ekki hefir verið að hans skapi, og verður hann því til þess að bjarga barninu með því, að foreldrar þess fara að veita atferli hans nákvæma athygli, en þau grunaði ekkert um það áður.

Segi menn svo, að dýrin séu „skynlausar skepnur“!

Nei; mennirnir eru ekki allir skynsamari en sum þeirra![1]

Reykjavík, 22. ágúst 1945

[signature]

---

1) Sögn þessi er eftir Sigurjóni Ólafssyni sjálfum.